



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Guðbrandur Haraldsson
Orrahólum 7
111 Reykjavík

Stjórnarráðshúsini 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Reykjavík 24. febrúar 2011
Tilv.: FOR10020055/5.6

Vísað er til erindis yðar dags. 8. febrúar 2010, sbr. einnig bréf yðar dags. 10. september og 30. desember 2010, auk funda sem þér hafið átt með starfsmanni forsætisráðuneytisins undanfarið ár. Er beðist velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara erindi yðar.

Í erindi yðar kemur fram að þér teljið yður og fjölskyldu yðar hafa verið órétti beitt. Ekki hafi verið bætt að fullu tjón sem þér urðuð fyrir er krapaflóð fíll á hús yðar í Geirseyrargili 22. janúar 1983 með þeim hörmulegu afleiðingum sem þér lýsið í erindi yðar. Tjónið megi rekja til þess að varnargarður í Geirseyrargili hafi í raun beint flóðinu af auknum þunga á hús yðar og beri sveitarfélagið þar ábyrgð. Þá hafi ekki farið fram opinber rannsókn á atviki þessu og stjórnvöld ríkisins hafi látið það afskiptalaust hvernig staðið var að málum hjá sveitarfélaginu. Þá vísið þér til þess að forsætisráðherra og ríkisstjórn hafi á sínum tíma lofað að tjón vegna flóðsins yrði bætt að fullu.

Ástæða þess að þér leitið til forsætisráðuneytisins er meðal annars sú að stjórnvöld hafi við ýmsar aðstæður bætt tjónþolum tjón vegna náttúruhamfara. Einnig hafið þér nefnt að á vegum ráðuneytisins hafi verið starfrækt nefnd er rannsakar tjón sem vistmenn á heimilum hafa orðið fyrir sem börn með það fyrir augum að leiða hið sanna í ljós og bæta fyrir misgjörðir af hálfu opinberra aðila.

Fram kemur í gögnum málsins að eftir að hús yðar eyðilagðist í flóðinu var það endurbyggt og að því er virðist var sú endurbygging fjármögnuð með tryggingabótum. Þér og fjölskylda yðar gátuð hins vegar ekki þegar á reyndi hugsað yður að búa í húsinu eftir það sem á undan var gengið og neyddust til að selja húsið með afföllum og fluttuð til Reykjavíkur. Fram kemur í gögnum málsins að þér fóruð á sínum tíma fram á rannsókn ríkissaksóknara á tjónsatvikum en því var hafnað í febrúar 1988. Þá taldi umboðsmaður Alþings ekki skilyrði til að aðhafast vegna kvörtunar yðar, sbr. bréf hans til yðar dags. 4. janúar 1989. Tók hann fram að sú niðurstaða raskaði ekki rétti yðar til að láta á það reyna í einkamáli fyrir dómstólum, hvort Patreksfjarðarhreppur væri bótaskyldur.

Þá kemur ennfremur fram í þeim gögnum sem þér hafið lagt fram að þér fóruð í skaðabótamál við sveitarfélagið og kröfðust bóta. Héraðsdómur talda skaðabótaskyldu sveitarfélagsins vera fyrir hendi en Hæstaréttur sýknaði hins vegar sveitarfélagið með domi 23. september 1993. Þér fóruð siðar fram á endurupptöku með vísan til nýrra gagna en endurupptöku var hafnað með ákvörðun Hæstaréttar 28. nóvember 2002 í máli nr. 300/1992. Þér öfluðuð þá enn nýrra gagna um tildróg tjóns á húsi yðar, sbr. bréf Verkís og Veðurstofu Íslands dags. 3. júní 2009, en sökum þess að endurupptökubeiðni verður einungis einu sinni borin upp verður hún ekki tekin til meðferðar á ný í Hæstarétti.

Þá kemur fram í gögnum málsins að þér gerðuð sátt við sveitarfélagið árið 2006 og fenguð greiddar 6.000.000 kr. með tilstyrk Ofanflóðasjóðs.

Íslensk lög veita borgurunum úrræði til að sækja rétt sinn á hendur opinberum aðilum í bótamáli og fá tjón bætt ef bótakilyrði eru uppfyllt. Þér hafið neytt allra tiltækra úrræða í því efni. Ekki eru neinar heimildir fyrir forsætisráðuneytið að hlutast til um endanlega niðurstöðu Hæstaréttar í því efni og myndi slíkt að auki stríða gegn þrígreiningu ríkisvaldsins skv. 2. gr. stjórnarskráinnar. Þá er einsýnt að allar hugsanlegar kröfur á hendur ríkinu eru fyrndar. Ekki eru nein almenn úrræði til samkvæmt íslenskum lögum eða reglum til hliðar við dómstólakerfið til að ákveða bætur á grundvelli sanngirnissjónarmiða ólíkt því sem gerist til dæmis í Noregi og Kanada. Slíkt hefur verið ákveðið í sérstökum tilfellum sbr. lög nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007. Þau lög eru hins vegar bundin við sérstakar aðstæður þar sem um það var að ræða að ríkið ber lagalega- eða siðferðilega ábyrgð á því sem úrskeiðis fór, að fyrir hendi var kerfisbundið vandamál á stofnunum sem ríkið bar beint eða óbeint ábyrgð á, hér var óuppgerður kafli í sögu þjóðarinnar og atvik með þeim hætti að vegna eðlis brotanna áttu tjónþolar þess oftast ekki kost að leita á náðir dómstóla áður en kröfur fyrndust. Ekki var lagaskylda á sínum tíma líkt og síðar, sbr. 8. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum að láta fara fram opinbera rannsókn á flóðinu á Patreksfirði.

Ekki verður séð að forsætisráðuneytið hafi neinar lagaheimildir til koma til móts við kröfu yðar. Að því er varðar þann lagagrundvöll sem Hæstaréttar starfar eftir og kemur í veg fyrir að ný gögn sem þér hafið aflað verði tekin fyrir þá heyra þau lög undir innanríkisráðherra. Erindi um endurskoðun þessara lagaskilyrða væri því réttilega beint til þess ráðherra.

Í erindi yðar vísið þér til þess að því hafi verið heitið á sínum tíma af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnar að tjón yrði bætt. Samkvæmt gögnum málsins hafið þér fengið bætur fyrir eignatjón, að minnsta kosti að einhverju marki. Erfitt er þó að átta sig á því af gögnum málsins hvort við þetta var staðið að öllu leyti enda kann að vera umdeilanlegt hvað í slíkri yfirlýsingu felst og matsatriði hvert eignatjónið var og þyrfti þá að fara fram samanburður við afgreiðslu annarra mála á svipuðum tíma. Ef þér búið yfir frekari upplýsingum í því efni eða viljið gera athugasemdir við efni þessa bréfs er óskað eftir því að þær verði sendar ráðuneytinu eigi síðar en 31. mars næstkomandi. Ekki felast í því nein fyrirheit um að til frekari fyrirgreiðslu komi af hálfu stjórnvalda en ráðuneytið telur samt í ljósi atvika málsins rétt að gefa yður kost að fá fara fram frekari gögn til að varpa ljósi á málid og þá sérstaklega að því er varðar fyrirheit forsætisráðherra á sínum tíma og hvort staðið hafi verið við þau.

Jafnframt hefur ráðuneytið haft milligöngu um að sérfræðingur á Landspítalanum í áfallahjálp eftir ofanflóð, Dr. Berglind Guðmundsdóttir, eigi með yður fund ef þér óskið til þess að fara yfir málid og meta þörf á frekari aðstoð.

Fyrir hönd ráðherra



Páll Þórhallsson


Elín Ósk Helgadóttir